

14. maí 2010



ÚTTEKT Á STARFSEMI GRUNNSKÓLA
HÚNAÞINGS VESTRA – UNNIN FYRIR MENNTA-
OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Árný Elíasdóttir
Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir
www.attentus.is

ATTENTUS

MANNAUÐUR OG RÁÐGJÖF

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám viðkomandi skólastiga. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Í erindisbréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis til úttektaraðila dags. 28.02.2010 kemur fram að úttektin skuli m.a.:

1. Meta hvernig sameining fjögurra grunnskóla í Húnaþingi vestra hefur reynst.
2. Meta stjórnun, námsskipulag, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats.
3. Meta hvernig innra mat skólans nýtist til umbótastarfs.
4. Meta hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýtist skólanum.
5. Lýsa helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins.
6. Setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Niðurstöður matsins leiða í ljós að sameining fjögurra grunnskóla Húnaþings vestra hefur reynst vel en undirbúningur virðist ekki hafa verið fullnægjandi. Stefna og markmið skólans eru vel skilgreind svo og stjórnskipulag. Starfsmenn eru almennt ánægðir með stjórnunina en dregið hefur úr ánægju foreldra með stjórnun skólans og skólastjóra. Skólanámskrá er í endurskoðun en útfæra þarf betur sérstöðu skólans, tengja hana markmiðum aðalnámskrár og sníða að stefnu og markmiðum skólans. Einnig þarf að halda áfram vinnu við að skilgreina þekkingar- og hæfnipætti á hverju námssviði og gagnvart einstökum nemendum.

Vanhöld virðast vera á því að ferli um meðferð mála í stoðþjónustu sé fylgt, lausn einstakra mála hefur dregist og ekki hefur verið unnið markvisst úr eineltismálum. Innra starf skólans hefur ekki nýst sem skyldi til umbótastarfs. Skortur er á eftirfylgni kannana og skýrum aðgerðaáætlunum en nú hefur verið skipuð matsnefnd í skólanum og ný sjálfsmatsáætlun unnin. Samvinna sveitarfélags og skóla er góð en helst skortir meiri eftirfylgni sveitarfélagsins í einstökum málum.

Styrkleikar Grunnskóla Húnaþings vestra liggja m.a. í menntuðu starfsfólki, góðum starfsanda og félagsstarfi, fjölbreyttu námsmati, reglulegum könnunum meðal foreldra og miklum stuðningi sveitarfélagsins. Helstu veikleikar tengjast framkvæmd, eftirfylgni og upplýsingaflæði stoðþjónustu, of lítið er um samvinnu og samskipti milli starfsfólks, skortur er á eftirfylgni sjálfsmats og dregið hefur úr ánægju foreldra með stjórnun skólans.

Lagt er til að nýta innra mat skólans betur til úrbóta, endurskoða stoðþjónustu, fylgja betur eftir Olweusaráætlun, auka upplýsingaflæði milli starfsmanna og skólastiga, fjölga þróunarverkefnum, auka eftirlit sveitarstjórnar með einstökum málum og skoða hvernig auka megi ánægju foreldra með stjórnun skólans.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, skólaráði, fræðsluráði, formanni byggðaráðs, fyrrverandi skólastjóra og sveitarstjóra Húnaþings vestra gott samstarf og aðstoð við gagnaöflun og á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 14. maí 2010.

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	4
1. Inngangur	6
2. Gagnaöflun.....	7
3. Grunnskóli Húnaþings vestra.....	8
3.1. Sameining grunnskóla í Húnaþingi vestra	8
3.2. Markmið og stefna skólans	10
3.3. Rekstur og stjórnun	12
3.4. Mannauður	12
3.5. Aðbúnaður.....	13
3.6. Nemendur.....	13
3.7. Ytri tengsl.....	14
4. Námsskipulag.....	15
4.1 Skólanámskrá og námsmarkmið	15
4.2 Starfsáætlun – fjöldi nemenda og viðvera	15
4.3 Skipulag kennslu og námsaðferðir.....	16
4.4. Skólaþróun og þróunarverkefni	17
4.5. Stoðþjónusta.....	17
5. Námsmat	19
5.1 Námsmat í Grunnskóla Húnaþings vestra.....	19
Árangur á samræmdum prófum	21
6. Innra mat	22
7. Hvernig hefur sameining fjögurra grunnskóla í Húnaþingi vestra reynst?.....	23
Mat höfunda	24
8. Mat á stjórnun, námsskipulagi, námsmarkmiðum og námsmati.....	26
Mat höfunda	29
9. Mat á því hvernig innra mat skólans hefur nýst til umbótastarfs.....	32
Mat höfunda	32
10. Mat á því hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi hefur nýst skólanum.....	33
Mat höfunda	33
11. Helstu styrkleikar og veikleikar skólans, ógnanir og tækifæri	35
12. Tillögur að aðgerðum.....	36
Niðurstöður	37
Heimildir	39
Viðauki 1.....	40

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra sem er einsetinn, heildstæður grunnskóli með 160 nemendur. Skólinn hóf starfsemi sína árið 2000 með sameiningu Barnaskóla Staðarhrepps, Grunnskóla Hvammstanga, Laugarbakkaskóla og Vesturhópsskóla.

Markmiðið er að leggja mat á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám viðkomandi skólastiga. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Í erindisbréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis til úttektaraðila dags. 28.02.2010 kemur fram að úttektin skuli m.a.:

1. Meta hvernig sameining fjögurra grunnskóla í Húnaþingi vestra hefur reynst.
2. Meta stjórnun, námsskipulag, námsmarkmið og kröfur og fyrirkomulag námsmats.
3. Meta hvernig innra mat skólans nýtist til umbótastarfs.
4. Meta hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi nýtist skólanum.
5. Lýsa helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins.
6. Setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Menntamálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Árnýju Elíasdóttur og Ingunni Björk Vilhjálmisdóttur að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra. Þá eru niðurstöður kynntar út frá hverjum úttektarþætti fyrir sig og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

2. Gagnaöflun

Úttektaraðilar heimsóttu skólann einu sinni. Tekin voru viðtöl við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra stoðþjónustu, fyrrverandi skólastjóra og formann byggðaráðs. Fundað var með rýnihópum sex kennara af öllum skólastigum, þriggja starfsmanna, sjö nemenda af öllum skólastigum og þriggja foreldra auk þess sem fjórir foreldrar höfðu samband við úttektaraðila. Einnig var fundað með sjö fulltrúum skólaráðs og fulltrúum fræðsluráðs og sveitarstjóra Húnaþings vestra. Þátttakendur voru alls 41 og stóð hver fundur yfir í um klukkustund en viðtöl við skólastjórnendur í um tvo tíma. Markmiðið með viðtölum, rýnihópum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólafarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem úttekt ráðuneytisins beindist að.

Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á eftirfarandi gögnum:

1. Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2006).
2. Erindi Elínar R. Líndal, *Menntun í dreifbýli*, 28.apríl 2001.
3. Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra. *Breytingar á fyrirkomulagi skólalahalds í Húnaþingi vestra – Áhrif á samfélagið*. Vinnustefna, Dalabyggð. 5.febrúar 2005.
4. Foreldrakannanir 2007-2010.
5. Fundargerð fræðsluráðs 20.04.2010..
6. Fyrstu niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum 2009 og upplýsingar skólans um stöðu hans.
7. Heimasíða Grunnskóla Húnaþings vestra.
8. Kynning á niðurstöðum Olweusáætlunar.
9. Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.
10. Forvarnakannanir meðal nemenda 2006-2010.
11. Pétur Vilhjálmsson. *Sameining sveitarfélaga í Vestur – Húnavatnssýslu*, verkefni í stjórn málafræði 2003, bls.24.
12. Skólastefna Húnaþings vestra. Sótt af heimasíðu skólans 06.04.10.
13. Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra. 2009-2010.
14. Starfsmannakönnun 2008.
15. Skólastefna Húnaþings vestra. Sótt af heimasíðu skólans 06.04.10.
16. Starfslýsing deildarstjóra stoðþjónustu.
17. Svar við ráðstöfun á styrk vegna langveikra barna og barna með ADHD greiningu. Sigurður Þór Ágústsson, 7.apríl 2010.

3. Grunnskóli Húnaþings vestra

Grunnskóli Húnaþings vestra tók til starfa 1. ágúst árið 2000. Hann var stofnaður með sameiningu fjögurra grunnskóla sem starfræktir höfðu verið í Vestur-Húnavatnssýslu, þ.e. Barnaskóla Staðarhrepps að Reykjum í Hrútafirði með 21 nemanda, Grunnskóla Hvammstanga með tæplega 110 nemendur, Laugarbakkaskóla í Miðfirði með 92 nemendur og Vesturhópsskóla að Þorfinnsstöðum í Vesturhópi með 10 nemendur. Ástæða sameiningarinnar var sameining sveitarfélaga á svæðinu vorið 1998.

Skólinn er nú heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.–10. bekk með 160 nemendur og 36 starfsmenn. 1.-4. bekkur er staðsettur á Hvammstanga en 5.-10. bekkur á Laugarbakka. Rúmlega 10 km eru á milli þessara staða. Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum nám við hæfi með fjölbreyttum kennsluháttum.

3.1. Sameining grunnskóla í Húnaþingi vestra

Sameining sjö sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu varð að veruleika vorið 1998. Sameiningin kallaði á breytta stefnu í skólamálu. Fyrir sameiningu voru fjórir grunnskólar í sveitarfélaginu, Vesturhópsskóli, Barnaskóli Staðarhrepps, Laugarbakkaskóli og Grunnskólinn á Hvammstanga.

Árið 1994 voru nemendur sveitarfélagsins 287 talsins en árið 2000 var nemendafjöldinn kominn niður í 195. Það er fækkun um 92 nemendur eða um 32% á sex árum. Fyrir sameiningu var nokkuð samstarf milli skólanna. Vesturhópsskóli og Barnaskóli Staðarhrepps kenndu börnum upp í 6. og 7. bekk en eftir það fóru börn úr viðkomandi skólahverfi í Laugarbakkaskóla. Laugarbakkaskóli og Grunnskóli Hvammstanga voru báðir fyrir alla árganga grunnskólans. Grunnskóli Hvammstanga nýtti aðstöðu í íþróttahúsi Laugarbakkaskóla til leikfimikennslu þar sem ekki var íþróttahús á Hvammstanga.¹

Við sameiningu skólanna og stofnun Grunnskólans í Húnaþingi vestra var horft til fimm meginþátta: Stjórnunar, menntapólitíkur, starfsmannastefnu og félagslegra og fjárhagslegra þátta. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hafði að markmiði að byggja upp heildstæðan grunnskóla þar sem allir nemendur hefðu sem jafnasta aðstöðu og möguleika til að njóta hins besta í skólanum varðandi starfsfólk, húsakost og andlega sem líkamlega næringu².

Skólaárið 1999-2000 var settur af stað 18 manna vinnuhópur um mótun skólastefnu Húnaþings vestra. Þar fór fram fyrsta umræðan um fækkun kennslustaða. Ekki náðist samkomulag um framtíðarfyrirkomulag skólanámskrár. Árið 2000 tók meirihluti

¹ Erindi Elínar R. Líndal, formanns byggðaráðs Húnaþings vestra, sem hún flutti á ráðstefnunni *Menntun í dreifbýli*, 28.apríl 2001.

² Erindi Elínar R. Líndal, formanns byggðaráðs Húnaþings vestra, sem hún flutti á ráðstefnunni *Menntun í dreifbýli*, 28.apríl 2001.

sveitarstjórnar í samráði við skólastjóra ákvörðun um að sameina skólana. Nýta átti það fjárhagslega svigrúm sem þessar aðgerðir sköpuðu til að styrkja starf skólans og jafnframt var ákveðið að byggja íþróttahús á Hvammstanga.

Árið 2000 voru stöður skólastjóra minnstu skólanna aflagðar en skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra sá um stjórnun skólahalds á Laugarbakka, í Vesturhópi og í Hrutafirði. Sú nýbreytni var tekin upp í ráðningarsamningi við skólastjóra að skilgreina starf hans sem stjórnunarstarf og fella út kennsluskyldu. Þetta fyrirkomulag var reynt í einn vetur áður en skrefið var stigið til fulls og skólastjóri tók við stjórnun allra kennslustaðanna auk þess sem skólahaldi var hætt í Barnaskóla Staðarhrepps og ári síðar í Vesturhópi. Fyrir sameiningu var fjöldi kennara 22 og fjöldi leiðbeinanda 16, samtals 38.

Þegar þessar ákvarðanir í skólamálum voru teknar haustið 2000 var höfð til hliðsjónar sú vinna sem hafði farið fram í héraðinu. Má þar nefna úttekt Haraldar Líndals Haraldssonar 1997, úttekt Benedikts Sigurðarsonar RHA 1999 og starf vinnuhóps í Húnaþingi vestra um skólamál 1999-2000. Haraldur Líndal Haraldsson taldi ókosti sameiningarinnar einkum að skattaálögur hækkuðu tímabundið og íbúar færðust frá stjórn sveitarfélagsins³.

Fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni var mikill. Á fimm ára tímabili (2000-2005) höfðu heildarútgjöld vegna kennslustunda lækkað um 31 milljón króna⁴. Fyrir breytingar voru skólastjórarnir fjórir og aðstoðarskólastjórarnir tveir en eftir þær var einungis einn skólastjóri og einn aðstoðarskólastjóri. Barnaskóli Staðarhrepps og skóli í Vesturhópi voru lagðir niður. Nýtingu skólahúsnæðis var jafnframt breytt með þeim hætti að kennsla eldri barna fór nú fram á Laugarbakka og kennsla yngri barna á Hvammstanga.

Stefna sveitarstjórnar er að í framtíðinni verði einn kennslustaður á Hvammstanga. Laugarbakkaskóli verði þó ekki lagður niður fyrr en annarri starfsemi, sambærilegri að umfangi, hefur verið fundinn staður í húsnæði skólans.⁵

Í samræmi við menntastefnu sveitarfélagsins fóru fimm kennarar við skólann í fjarnám til kennsluréttinda við Kennaraháskóla Íslands árið 2001. Styrkti sveitarsjóður þá með þeim hætti að viðkomandi þurfti ekki að skila nema 80% af skilgreindu starfi í dagvinnu en fékk greidd full laun fyrir.⁶ Í dag starfa eingöngu réttindakennarar við Grunnskóla Húnaþings vestra.

³ Pétur Vilhjálmsson. *Sameining sveitarfélaga í Vestur – Húnavatnssýslu*, verkefni í stjórn málafræði 2003, bls.24.

⁴ Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra. *Breytingar á fyrirkomulagi skólahalds í Húnaþingi vestra – Áhrif á samfélagið*. Vinnustefna, Dalabyggð. 5.febrúar 2005.

⁵ Viðtal við sveitarstjóra 14.apríl 2010.

⁶ Viðtal við sveitarstjóra 14.apríl 2010.

3.2. Markmið og stefna skólans

Grunnskóli Húnaþings vestra hefur mótað sér stefnu og sett fram markmið í starfi sínu. Í stefnu skólans, sem samþykkt var vorið 2006, segir:


Markmið skólastarfs í Húnaþingi vestra er að læra að virða okkur sjálf, aðra og umhverfi okkar. Þjóða skal nemendum nám við sitt hæfi með fjölbreyttum námsleiðum samkvæmt gildandi námskrá fyrir hvert skólastig. Stuðla skal að heilbrigðu sjálfstrausti og veita tækifæri til að vera virkur þátttakandi sem víðast í samfélagi okkar.

Einkunnarorð skólans eru *Góður skóli – Gjöful framtíð*.⁷ Stefnumarkort var unnið í skólanum árið 2007 og þar er framtíðarsýn hans skilgreind sem og hlutverk, þjónusta, innra starf, fjármál og starfsmannamál. Á stefnumarkorti skólans má einnig sjá helstu markmið með starfi innan skólans. Skýr markmið eru undir hverjum þætti fyrir sig (sjá mynd 1 á bls. 11). Verkefnaáætlun skólaársins 2009-2010 liggur jafnframt fyrir.

Á mynd 1 má sjá stefnumarkort skólans.

⁷ Skólastefna Húnaþings vestra. Sótt af heimasíðu skólans 06.04.10.

Mynd 1. Stefnukort Grunnskóla Húnaþings vestra.



3.3 Rekstur og stjórnun

Rekstur grunnskólans er á ábyrgð og kostnað sveitafélagsins Húnaþings. Í fræðsluráði Grunnskóla Húnaþings sitja fimm fulltrúar og fimm varamenn, jafnt hlutfall kynja.⁸ Í skólanum eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Skólastjóri er karlmaður en konur skipa stöður aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Núverandi skólastjóri stýrir skólanum sitt annað ár en var áður umsjónakennari og smíðakennari við skólann. Fyrirrennari hans starfaði í þrjú ár. Þar áður var skólastjóri sem tók við sameinuðum skóla en hafði áður verið skólastjóri Laugarbakkaskóla. Til ársins 2003 störfuðu tveir aðstoðarskólastjórar við skólann. Núverandi aðstoðarskólastjóri hefur starfað við skóla í sveitarfélaginu frá árinu 1972.

Skýr verkaskipting er á milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Aðstoðarskólastjóri stýrir 1.-4. bekk á Hvammstanga en skólastjóri 5. – 10. bekk á Laugarbakka. Skipurit skólans liggur fyrir svo og starfslýsingar fyrir öll störf. Sveitarstjórn ræður skólastjóra grunnskólans að fenginni tillögu fræðsluráðs. Byggðaráð fastræður aðra starfsmenn að fenginni tillögu skólastjóra. Skólastjóri hefur heimild til tímabundinna ráðninga í samræmi við stöðuheimildir fjárhagsáætlunar.⁹ Skólaráð starfar við skólann. Ráðið hefur komið þrisvar saman og fjallað um skólanámskrá, starfsáætlun, rekstraráætlun og fleiri mál.

Reglulegir fundir eru haldnir í skólanum; vinnustaðafundir með starfsfólki og kennurum Laugarbakka eru haldnir alla mánudaga, kennarafundir eru haldnir á þriðjudögum og vinnustaðafundir með starfsfólki á Hvammstanga eru haldnir á þriðjudögum. Á kennarafundi, sem eru á dagskrá hálfsmánaðarlega, mæta allir kennarar skólans en í vetur hafa þeir nokkrum sinnum fallið niður.¹⁰

3.4 Mannauður

Starfsmenn skólans eru 36 í 32 stöðugildum: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, 19 kennarar, þar með taldir íþróttakennarar, myndmenntakennari, tónlistarkennari, heimilisfræðikennari og sérkennari. Hlutfall réttindakennara er 100% en við stofnun sameiginlegs skóla veitti sveitarfélagið þeim kennurum skólans sem þess óskuðu stuðning til að sækja sér aukin réttindi. Í skólanum eru þrjár stuðningsfulltrúar og sex skólaliðar, ritari, tveir starfsmenn í eldhúsi, húsvörður og starfsmaður í tölvuumsjón. Einn stuðningsfulltrúinn stundar nám í þroskaþjálfun. Tafla 1 sýnir tölur yfir stöðugildi í skólanum.

⁸ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

⁹ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra. Sótt af heimasíðu skólans 06.04.10.

¹⁰ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra. bls 44.

Tafla 1. Stöðugildi í Grunnskóla Húnaþings vestra.

	05-06	06-07	07-08	08-09	09-10
Fjöldi stöðugilda í stjórnun	2,57	2,54	2,12	2,12	2,12
Fjöldi stöðugilda í kennslu	19,1	18,4	18,3	17,7	16,8
Hlutfall réttindakennara (%)	95	99	95	95	100
Stöður stuðningsfulltrúa	1	1	2	4	3,3
Stöður skólaliða	5,7	5,7	5,7	5,7	5,6
Stöður í skólavistun	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Stöður í íþróttahúsi	0,64	0,64	0,64	0,64	0
Stöður í eldhúsi	2	2	2	2	2
Stöður húsvarða	1	1	1	1	1
Stöður í tölvuumsjón	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5

Starfsmannastefna Húnaþings vestra gildir fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Endurmenntun starfsmanna fer að stórum hluta fram í samstarfi við skólana í A-Húnavatnssýslu. Gerðar eru áætlanir um endurmenntun fyrir hvert ár. Markmið endurmenntunarstefnu skólans er að tryggja að starfsmenn hafi yfir að ráða yfirgripsmikilli þekkingu á þeim efnispáttum sem koma starfi þeirra við. Í stefnunni koma fram markmið og leiðir.

3.5. Aðbúnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvang, einnig var stuðst við gögn frá skólanum. Ráðuneytið óskaði eftir því að aðrir þættir en húsnæði og aðstaða yrðu hafðir í forgangi í skýrslunni, s.s. sameining fjögurra grunnskóla. Af þeim sökum fylgir hér stutt samantekt úr vettvangskönnun og þeim gögnum sem höfundar höfðu undir höndum um húsnæði og aðbúnað.

Húsnæði skólans er samtals 5.182², á Laugarbakka 3.624² og á Hvammstanga 1.558². Á báðum stöðum eru kennslustofur og íþróttaaðstaða en sundlaug á Hvammstanga. Nýbúið er að endurnýja allan tölvubúnað. Hugmyndir hafa verið uppi um að byggja sameiginlegan skóla en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum. Húsnæði er rúmgott á báðum stöðum en akstur með nemendur á milli staða er um 100 km á dag.¹¹ Matreitt er í eldhúsi skólans á Laugarbakka og er hádegismat ekið í skólann á Hvammstanga. Öllum grunnskólanemum og starfsfólki stendur því heitur hádegismatur til boða.

3.6. Nemendur

Nemendur skólans eru 160 en þeim hefur fækkað úr tæplega 200 frá sameiningu skólanna. Mötuneyti eru bæði á Hvammstanga og Laugarbakka og eru allir nemendur í áskrift að hádegismat. 40% nemenda í 10. bekk stundar fjarnám við framhaldsskóla. Nemendaverndarráð starfar við skólann og eineltisáætlun liggur fyrir. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði og í skólanum er nemendafélag sem skipuleggur margskonar atburði í samstarfi

¹¹ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra 2009-2010, bls. 13.

við skólann. Öllum yngri nemendum stendur til boða vistun fram eftir degi á Hvammstanga gegn gjaldi.

3.7. Ytri tengsl

Grunnskóli Húnaþings vestra leggur mikla áherslu á gott samstarf við heimilin. Umsjónarkennari ræðir við foreldra og nemendur í skólabyrjun og farið er yfir markmið, ábyrgð og þátttöku foreldra og fyrirkomulag heimanáms. Vikuáætlanir eru birtar á vef skólans og á vefnum mentor.is. Mánaðarleg fréttabréf eru send með tölvupósti til foreldra og heimasíða er notuð til upplýsingamiðlunar.

Í október ár hvert er opin vika þar sem foreldrar geta kynnt sér starfið. Fastir kynningarfundir eru jafnframt í skólanum, s.s. skólafærninámskeið fyrir foreldra yngstu barnanna á haustin, vímuvarnarfundir fyrir foreldra unglunga annað hvert ár og opinn foreldrafundur í nóvember hvert ár. Foreldrafélag starfar í skólanum og tekur virkan þátt í foreldrasamstarfinu ásamt bekkjarfulltrúum.

Í starfsáætlun skólans er að finna ítarlegar upplýsingar um það sem snýr að skólahaldi o.fl. og í henni koma m.a. fram upplýsingar um skólahald, óveður, skólaakstur, síðdegisgæslu, mötuneyti, námsbækur, frímínútur, slysatryggingar skólabarna, bekkjarfundi, ferðalög o.fl.

Grunnskóli Húnaþings vestra er í samstarfi við ýmsa aðila í sveitarfélaginu. Má þar nefna félagsmiðstöðina, tónlistarskóla, skartgripaverkstæði, Héraðsbókasafnið, íþróttafélög, lögregluna, björgunarsveit, hestamannafélag, bifreiðaverkstæði og kirkjuna.¹² Skólinn er einnig í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og sækja nemendur þar framhaldsskólaáfangi.

¹² Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings, 2008-2009, bls. 39.

4. Námsskipulag

4.1 Skólanámskrá og námsmarkmið

*Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.*¹³

Skólanámskrá Grunnskóla Húnaþings vestra er margþætt. Þar er í fyrsta lagi um að ræða almennan hluta námskrárinnar og starfsáætlun. Þá eru kennsluáætlanir sem foreldrar geta nálgast í gegnum vef Mentor og loks fréttabréf og heimasíða skólans.

Í kennsluáætlunum er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér sérstaklega og markmiðum sem eiga við viðkomandi námshóp eða bekk. Skólanámskráin er nú í endurskoðun. Fagnámskrár eru unnar af hópi þriggja til fimm kennara sem kynna afraksturinn á starfsmannafundum. Lokið hefur verið við tvær greinar, íslensku í 1. – 4. bekk og stærðfræði. Skólanámskrárform Mentor er nýtt og er stefnt að því að ljúka við allar greinar í vor.¹⁴ Í sumum tilfellum eru einstaklingsnámskrár útbúnar en skv. lögum um grunnskóla skulu nemendur eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti.¹⁵

4.2 Starfsáætlun – fjöldi nemenda og viðvera

Í starfsáætlun skólans er að finna upplýsingar, áætlanir og stefnu skólans. Fjallað er um nám og kennslu, stoðþjónustu, námsmat, velferð nemenda, samstarf við foreldra og ýmsar hagnýtar upplýsingar koma fram. Árleg áætlun er staðfest af fræðsluráði.

Nemendur í skólanum eru 160 og hefur fækkað um fimm frá fyrra skólaári. Meðaltal nemenda í deild er 14,5. Skóladagar nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra eru 180 og er það í samræmi við lög um grunnskóla, aðalnámskrá og skv. kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga. Kennslutími á viku er lögbundinn lágmarkstími, 1.200 mín í 1.-4. bekk, 1.400 mín í 5.-7. bekk og 1.480 mín í 8.-10. bekk.¹⁶

Aðalnámskrá grunnskóla setur viðmið um fjölda kennslustunda í námsgreinum. Grunnskóli Húnaþings vestra hefur undanfarin ár verið yfir þessu viðmiði en kennslustundum hefur fækkað í vetur vegna sparnaðar sveitarfélagsins og eru þær nú skv. viðmiði aðalnámskrár.¹⁷ Næsta skólaár fjölga kennslustundum um níu og verður skólinn því á ný yfir viðmiði.¹⁸ Tafla

¹³ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 29. gr.

¹⁴ Rýnihópar kennara, 14.04 2010.

¹⁵ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 25. gr.

¹⁶ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 28. gr., Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 14. og Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

¹⁷ Viðtal við skólustjórnendur.

¹⁸ Viðtal við formann byggðaráðs 30.04 2010.

2 sýnir viðmiðunarstundaskrá 2009-2010¹⁹ ásamt skiptingu kennslustunda í Húnaþingi vestra.

Tafla 2. Viðmiðunarstundaskrá ásamt skiptingu kennslustunda í Húnaþingi vestra.²⁰

Viðmiðunarstundaskrá Grunnskóla Húnaþings vestra 2009-2010

(Gulir reitir eru viðmiðunartölur Aðalnámskrár grunnskóla)

	1. b	2. b	3. b	4. b	1.-4. b.	Viðm. 1.-4. b	5. b	6. b	7. b	5.-7. b	Viðm. 5.-7. b	8. b	9. b	10. b	8.-10. b	Viðm. 8.-10. b
Danska					0				3	3	3	3	4	4	11	11
Enska				1	1	1	2	2	2	6	6	4	4	4	12	10
Heimilisfræði	1	1	1	1	4	4	2	2	2	6	6	1			1	2
Hönnun og sm.	2	2	2	2	8	4	1	1	1	3	3	1			1	1
Íslenska	6	6	6	6	24	24	7	7	7	21	15	6	6	6	18	15
Íþróttir	4	4	4	4	16	12	4	4	4	9	9	3	3	3	9	9
Listgreinar	4	4	4	4	16	16	3	3	2	8	12	2			2	4
(Myndmennt)	(1)	(1)	(1)	(1)			(1)	(1)	(1)			(1)				
(Textímennt)	(2)	(2)	(2)	(2)			(1)	(1)	(1)			(1)				
(Tónmennt)	(1)	(1)	(1)	(1)			(1)	(1)								
Lífsleikni	1	1	1	1	4	1	1	1	1	3	3	1	1	1	3	3
Náttúrufræði	2	2	2	2	8	8	4	4	3	11	9	3	3	3	9	9
Samfélagsgr.	3	3	3	3	12	12	4	4	3	11	11	3	2	2	7	7
Stærðfræði	5	5	5	5	20	20	6	6	6	18	15	5	6	6	17	15
Upp. og tæknim.	1	1	1	1	4	4	2	2	2	6	3	1			1	1
Val	1				1	14				0	10	4	8	8	20	24
										0					0	
Vikust. alls:	30	30	30	30	120	120	35	35	35	105	105	37	37	37	111	111

4.3 Skipulag kennslu og námsaðferðir

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.²¹

Í kennsluáætlunum er gerð grein fyrir hvaða kennsluáðferðum skuli beitt í hverri námsgrein á hverri önn. Lögð er áhersla á að í skólastarfinu ríki fjölbreytni í vinnubrögðum en skv. stefnu skólans á að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda.²² Samkenntsla fer að einhverju leyti fram í 5. – 7. bekk en þar er hópum blandað saman eftir þörfum.²³ Áhersla er lögð á að nám í upplýsingatækni fléttist inn í sem flestar námsgreinar. Skólinn leggur einnig áherslu á notkun hugtakakorta, gagnvirkan lestur og byrjendalæsi.²⁴

Í aðalnámskrá grunnskóla er skólum gefin heimild til að meta störf nemenda utan skólans sem valgreinar.²⁵ Nemendum í 8.-10. bekk Grunnskóla Húnaþings vestra standa til boða valgreinar í hluta námsins. Skólaárið 2009-2010 er boðið upp á 12 greinar í vali. Framboð

¹⁹ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 14.

²⁰ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra, bls.14.

²¹ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 15.

²² Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

²³ Rýnihópur kennara 13.04.2010.

²⁴ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra og viðtöl við stjórnendur og kennara 13.04.2010.

²⁵ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 14.

valgreina fer annars vegar eftir þeirri sérfræðikunnáttu sem til staðar er og hins vegar eftir áhuga nemenda.

Heimanám er mismikið og fer eftir einstaklingum, aldri og námslegri stöðu. Kennarar skrá heimavinnu hvers dags á vef Mentor. Í yngri bekkjum eru einnig sendar heim vikuáætlanir með nemendum en í eldri bekkjum er ætlast til að nemendur skrái hjá sér heimanám. Foreldrar eru hvattir til að leita samstarfs við viðkomandi kennara finnist þeim heimanám á einhvern hátt ekki við hæfi barnsins.²⁶

4.4. Skólaþróun og þróunarverkefni

Þróunarverkefni undarnfarin ár hafa verið nokkur. Þar má nefna *Þróun kennsluhátta í húnverskum skólum árið 2003, Byrjendalæsi 2004-2005 og þróunarverkefni um gerð matslista Gerd Strand (matslisti á skólafærni 7 ára nemenda)*. Unnið er að innleiðingu Grænfánans innan skólans. Í fyrsta áfanga verður tekin upp skipulögð flokkun og endurnýting á pappír og matarafgöngum úr mötuneyti. Umhverfisnefnd hefur verið skipuð við skólann og sérstakir verkefnisstjórar.²⁷ Frá febrúar 2010 og fram í maí hefur verið unnið að þróunarverkefni vegna úrræða fyrir börn með ADHD. Um er að ræða tvo bekki, 2. og 6. bekk. Verkefnið er samspil aukins foreldrasamstarfs og skipulags kennslulota með áherslu á hreyfingu og jákvæða umbun.²⁸

4.5. Stoðþjónusta

Skv. lögum um grunnskóla skulu sveitarfélög tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum.²⁹ Grunnskóli Húnaþings vestra leggur áherslu á sveigjanleika í stoðþjónustu og að þarfir nemenda séu hafðar í huga þegar sér- og stuðningskennsla er skipulögð. Deildarstjóri stoðþjónustu ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Tveir sérkennarar starfa við skólann auk þess sem aðstoðarskólastjóri og annar kennari vinna við sérkennslu. Er það hlutverk sérkennarans að sjá um sérkennsluna í nánú samstarfi við umsjónarkennara, sérgreinakennara og deildarstjóra stoðþjónustu. Deildarstjóri stoðþjónustu nýtur einnig liðsinnis Félagsþjónustu Húnaþings vestra og skólaþjónustu Austur Húnaþings vegna viðtala á unglíngastigi. Hjúkrunarfræðingur starfar við skólann og sér um reglubundnar skoðanir í 1., 4., 7. og 9. bekk, fræðir nemendur og hefur reglulega viðtalstíma í skólanum.³⁰

Skv. starfsáætlun skólans er ferli stoðþjónustu þannig að umsjónarkennari getur óskað eftir aðstoð frá deildarstjóra stoðþjónustu sem metur hvað ber að gera. Foreldrar sem hafa áhyggjur af hegðun og/eða líðan barns síns geta haft samband við umsjónarkennara þess

²⁶ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

²⁷ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

²⁸ Svar við ráðstöfun á styrk vegna langveikra barna og barna með ADHD greiningu. Sigurður Þór Ágústsson, 7. apríl 2010.

²⁹ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 40 gr.

³⁰ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

eða deildarstjóra. Tilvísun skal lögð fyrir nemendaverndarráð þar sem farið skal yfir tillögur deildarstjóra um hvers konar athugun verði gerð. Út frá niðurstöðum ákveða foreldrar, umsjónarkennari, deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjórnandi næstu skref í sameiningu.³¹

³¹ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra.

5. Námsmat

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 27. gr. um námsmat:

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.³²

Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið sem hverjum skóla er skylt að útfæra nánar í skólanámskrá „með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist.“ Áfangamarkmið eru meginviðmið í öllu skólastarfi og „mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa auk þess að vera viðmið við skólanámskrárgerð, í þróunarstarfi, við námsgagnagerð og mat á skólastarfi“. Þar segir einnig að í skólanámskrá skuli sýna „hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra námsgreina“ og að „gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá.“³³ Um matsaðferðir segir svo í aðalnámskrá:

Þær verða að hæfa markmiðunum og endurspegla áherslur í kennslu. Þess er enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis óformlegum aðferðum verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á óformlegu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s.prófum og könnunum.³⁴

5.1 Námsmat í Grunnskóla Húnaþings vestra

Í skólanámskrá grunnskólans er gerð grein fyrir námsmatsreglum og vitnisburðarkerfi sem hefur verið flokkað á eftirfarandi hátt:

Formlegt mat

Kunnátta nemenda er metin með formlegum hætti, t.d. með því að leggja próf eða kannanir fyrir nemendur eða athuga með öðrum hætti kunnáttu þeirra, færni og viðhorf. Þessir þættir eru metnir með því að gefa tölulegar einkunnir eða skriflegar umsagnir.

Óformlegt mat

³² Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 27.gr.

³³ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls 12.

³⁴ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls 16-17.

Kennari metur kunnáttu, færni eða viðhorf á óformlegan hátt, s.s. í viðtölum og verkefnum. Óformlegt námsmat eða stöðumat er afhent foreldrum og nemendum í tengslum við viðtalsdaga tvisvar á vetri. Þá eru nemendur hvattir til að meta námsgengi sitt.

Próf/ símat

Kannanir og próf eru lögð fyrir eftir því sem tilefni gefast allt skólaárið og öðrum upplýsingum til mats er einnig safnað allan veturinn, s.s. mati á verkefnaskilum, vinnubókum, ástundun og heimanámi. Þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar fyrir foreldra á vef Mentor. Á hverju vori eru skólapróf í samræmdum greinum fyrir 8. – 10. bekk.

Samræmd próf

Leitast er við að skoða vel niðurstöður samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og nýta þær nemendum til hagsbóta.

Vitnisburðarbækur

Sérhver nemandi fær vitnisburðarbók í lausblaðaformi þar sem hann safnar saman vitnisburði sínum í skólanum en formlegur vitnisburður er afhentur í lok hverrar annar.

Skimunar- og greiningarpróf

Skólinn nýtir ýmis skimunar- og greiningarpróf. Tafla 3 sýnir kannanir og próf sem lögð eru fyrir alla nemendur skólans. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á fyrirlögn í samstarfi við þá aðila sem eiga að framkvæma prófin.

Tafla 3. Skimunar- og greiningarpróf.

Bekkur	Greiningar og próf	Hvenær?
1. bekkur	-Læsi – lesskimunarpróf f. 1. bekk 1. hefti 2. hefti 3. hefti -Teiknipróf Tove Krogh (proskapróf, lagt fyrir að hausti) -Hreyfiþroskapróf MOT 4-6 -Tengslakönnun	Nóvember Mars Maí Miður október Byrjun október Nóvember
2. bekkur	-Læsi – lesskimunarpróf f. 2. bekk 1. hefti 2. hefti -Aston Index ,stafsetningarpátturinn -Tengslakönnun	Lok haustannar Lok miðannar Lok haustannar Nóvember
3. bekkur	-Aston Index, stafsetningarpátturinn -Tengslakönnun -Talnalykill, stærðfræðiskimun -LH 60	Lok haustannar Nóvember Janúar Í byrjun vorannar
4. bekkur	-Samræmd próf -Eineltiskönnun, Olweus	Október Nóvember
5. bekkur	- LH 40 -Aston Index, stafsetningarpátturinn -Eineltiskönnun, Olweus	Sept./október Lok haustannar Nóvember
6. bekkur	-Aston Index, stafsetningarpátturinn -Eineltiskönnun, Olweus	Lok haustannar Nóvember

	-Talnalykill, stærðfræðiskimun	Janúar
7. bekkur	-Samræmd próf -Eineltiskönnun, Olweus	Október Nóvember
8. bekkur	-Aston Index, stafsetningarpátturinn -Eineltiskönnun, Olweus	Lok haustannar Nóvember
9. bekkur	-GRP14 –hóppróf -Eineltiskönnun, Olweus	Lok haustannar Nóvember
10. bekkur	- Eineltiskönnun, Olweus	Nóvember

Auk ofangreindra prófa eru lestrar- og lesskilningspróf lögð reglulega fyrir alla bekki. Aðrar einstaklingsprófanir eru gerðar eftir þörfum.

Upplýsingaskylda

Foreldrar og nemendur skólans eiga rétt á að skoða metnar próflausnir nemenda og annað sem liggur til grundvallar námsmati.

Nú er unnið að endurskoðun námsmats í tengslum við endurskoðun skólanámskrár.

Árangur á samræmdum prófum

Í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk hefur Grunnskóli Húnaþings vestra bæði verið undir og yfir landsmeðaltali á undanförunum árum. Engin frávik eru við próftöku.

PISA

Skólinn hefur tekið þátt í PISA og PIRLS rannsóknum en ekki hefur verið unnið sérstaklega úr þeim niðurstöðum.

6. Innra mat

Um innra mat grunnskóla segir í 36. grein grunnskólalaga:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. 35

Grunnskóli Húnaþings vestra hefur metið skólastarfið frá árinu 2002. Í úttekt menntamálaráðuneytisins skólaárið 2002 – 2003 fékk skólinn fullnægjandi mat fyrir aðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins. Haustið 2009 var niðurstaða úttektar ráðuneytisins hins vegar sú að sjálfsmati Grunnskóla Húnaþings vestra væri ábótavant þar sem samanburður og skoðun á þeim gögnum sem aflað hafði verið hefði hvorki farið fram sl. þrjú ár né heldur hefði skólinn fylgt eftir úrbótum. Brugðist hefur verið við þessum athugasemdum með sjálfsmatsáætlun 2010-2013 sem hefur verið samþykkt í fræðsluráði.³⁶ Skólastjóri stýrir matsferlinu ásamt aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra stoðþjónustu og matsteymi sem tilnefnt er af skólaráði. Stuðst er við sjálfsmatsferlið *Skólamat* og unnið hefur verið skorkort fyrir matið. Þar eru skilgreind markmið, mælingar, viðmið og aðgerðir.

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun verða árlega lagðar fyrir kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna og sett hafa verið ákveðin viðmið um árangur. Einnig eru tekin starfsmannasamtöl, starfsmannavelta skoðuð sem og námsmarkmið og samræmi milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu hennar. Skólapróf eru í 8. – 10. bekk til þess að meta nám og kennslu í samræmdum greinum við skólann.³⁷ Í viðauka 1 má sjá skorkort matsins.

³⁵ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr.36.

³⁶ Fundargerð fræðsluráðs 20.04.2010. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins 27.04.2010.

<http://www.hunathing.is/LinkClick.aspx?fileticket=vbp1%2bfmcm9s%3d&tabid=3107&mid=4597>

³⁷ Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings Vestra, bls. 12.

7. Hvernig hefur sameining fjögurra grunnskóla í Húnaþingi vestra reynst?

Í Vesturhópi og Hrutafirði var ákveðin andstaða við að leggja niður skólana. Hins vegar var Þverárhreppur nánast kominn í þrot vegna nýrra kjarasamninga kennara og aukins tilkostnaðar við rekstur grunnskólans. Má einnig leiða að því líkur að Staðarhreppur hefði orðið að sjá á eftir Barnaskóla Staðarhrepps innan fárra ára að öllu óbreyttu. Aðgerðir í skólamálum voru nauðsynlegar út frá sjónarmiðum um fjárhagslega hagræðingu. Nokkur gagnrýni kom fram á sameiningarferlið. Engum blöðum er um það að fletta að sveitarstjórnin 1998-2002 hefði mátt standa betur að því að kynna þær breytingar sem fólust í sameiningu skólanna. Sameiningin hefði þó orðið að veruleika fyrir eða síðar með einum eða öðrum hætti.³⁸

Árið 2002 var viðhorf foreldra til sameiningar kannað. 88% foreldra höfðu jákvætt viðhorf til skólans, töldu hann hafa batnað og 75% foreldra taldi frammistöðu kennara einnig hafa batnað. Þá voru foreldrar almennt ánægðari með stjórnun skólans, sjá töflu 5 hér að neðan.³⁹

Tafla 4. Viðhorf foreldra til sameiningar.

	Frammistaða kennara	Stjórnun skólans	Viðhorf foreldra til skólans
Hefur batnað verulega	33%	32%	44%
Hefur lítið eitt batnað	42%	43%	44%
Er óbreytt eða lakari	20%	20%	10%
Hefur umtalsvert versnað	5%	5%	2%

Að mati formanns byggðaráðs Húnaþings vestra var sameiningin stórt framfaraskref og úrval kennara í sveitarfélaginu jókst. Nemendur virtust hafa aðlagð sig breytingum að ári liðnu en starfsmenn eftir um þrjú ár. Fagvitund starfsmanna og þróunarstarf jókst við skólann, t.d. í tengslum við Háskólann á Akureyri.⁴⁰

Skýrsluhöfundar ræddu við fyrrverandi skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra sem var í brúnni þegar sameiningin átti sér stað. Að hans mati gekk sameiningin ágætlega fyrir sig. Hún hafi þó verið umdeild í fyrstu og valdið titringi innan sveitarfélagsins. Fyrsti veturinn hafi verið erfiður, aðlögunartíminn skammur en tilkynnt var um sameininguna í júní árið 2000 og átti hún taka gildi um haustið. Hlutverk skólastjóra var að leiða starfið. Að hans mati var

³⁸ Pétur Vilhjálmsson. *Sameining sveitarfélaga í Vestur – Húnavatnssýslu*, verkefni í stjórn málafræði 2003, bls.24.

³⁹ Viðhorfskönnun meðal foreldra 2007-2010.

⁴⁰ Elín R. Línadal, oddiviti Húnaþings vestra. *Breytingar á fyrirkomulagi skólahalds í Húnaþingi vestra – Áhrif á samfélagið*. Vinnustefna, Dalabyggð. 5.febrúar 2005.

helsti ávinningur sameiningar að börnin í sveitinni urðu einn hópur og því hafi það verið hárrétt ákvörðun að sameina skólana. Sameiningin skilaði jafnframt miklum fjárhagslegum ávinningi, fjölbreyttari starfsmannahópi og fjölbreyttari kennsluháttum.⁴¹

Að mati fræðsluráðs hefur sameiningin reynst vel og er skólinn í dag sterkari eining. Ráðið telur að skólastarfið hafi eflst, samstaða milli nemenda sé meiri og markvissara starf unnið í skólanum. Sameiningin hafi líka haft jákvæð áhrif á foreldrasamstarfið en fyrsti veturinn hafi verið erfiður fyrir alla aðila.⁴² Að mati sveitarstjóra var sameiningin mikið framfaraskref fyrir sveitarfélagið. Hann segir faglegan og fjárhagslegan ávinning hafa verið umtalsverðan, skipulag kennslu sé nú betra og námsframboð hafi aukist. Í dag sé meiri samheldni meðal íbúa og sé það mikilvægt atriði í sameiningu sveitarfélaga.⁴³

Að mati skólastjórnenda var fyrsta árið í sameiningarferlinu erfitt, engum starfsmanni var sagt upp en það tók á að sameina kennsluaðferðir, bekkjarskiptingu og ýmis praktísk mál. Undirbúningurinn var enginn og sameiningin reyndi þess vegna mikið á starfsfólk.⁴⁴ Að mati kennara hefur félagslegi þátturinn skilað mestum árangri. Námsárangurinn er betri en samkenndan ekki eins góð. Þeir telja að við sameininguna hafi orðið til betri skólastofnun, bæði rekstrarlega og faglega.⁴⁵ Að mati starfsmanna er hrepparígurinn horfinn, börnin eru einn hópur og búið að opna leikskólann fyrir allt sveitarfélagið.

Helsti veikleiki sameiningarinnar að mati skólastjórnenda var hversu hratt breytingarferlið gekk fyrir sig. Við hraðar breytingar komi upp mikil óvissa hjá starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Þá hafi einnig þurft að sameina menningu skólanna, s.s. venjur og hefðir og það hafi verið erfitt. Einnig sé ókostur að vera á tveimur stöðum. Nýting starfsmanna og húsnæðis sé ekki eins góð og ella og nemendur og kennarar þurfi mikið að aka á milli, t.d. í sund, heimilisfræði, íþróttir, á fundi o.fl.⁴⁶ Starfsmenn tóku eftir því að sameiningin olli miklu álagi á nemendur. Börnin komu úr ólíkum skólum og höfðu skapað sér svigrúm þar og þannig urðu t.d. árekstrar milli leiðtoga skólanna við sameininguna. Stjórnsýslan hafi einnig þyngst við sameininguna. Hlutirnir gengu hraðar fyrir sig með hreppsnefnd og oddvita.⁴⁷

Mat höfunda

Að mati úttektaraðila hefur sameining fjögurra grunnskóla í Húnaþingi vestra reynst vel en undirbúningur virðist ekki hafa verið fullnægjandi. Mikill hraði var á sameiningunni auk þess sem kennarar, starfsmenn, stjórnendur, nemendur og foreldrar voru ekki nógu vel upplýstir um hana, framkvæmd hennar og útkomu. Breytingarnar voru nauðsynlegar fyrir

⁴¹ Viðtal við fyrrverandi skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴² Viðtal við fræðsluráð Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴³ Viðtal við sveitarstjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴⁴ Viðtal við skólastjórnendur Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴⁵ Rýnihópur kennara Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴⁶ Viðtal við skólastjórnendur Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁴⁷ Rýnihópur starfsmanna Grunnskóla Húnaþings vestra.

sveitarfélagið, framtíðarsýnin lá fyrir en upplýsingaflæði til starfsmanna skorti sem og samvinnu um sameiningu. Sameina þurfti menningu, hefðir, venjur og gildi og að mati allra sem rætt var við var fyrsta árið mjög erfitt fyrir alla aðila.

Í dag ríkir sátt við núverandi fyrirkomulag. Nemendur þekkjast betur og líta á sig sem einn hóp. Ekki er lengur rígur milli sveitar og þéttbýlis og samfélagið hefur færst nær því að vera ein heild en það er grundvöllur árangursríkrar sameiningar sveitarfélags. Sameiningin hefur skilað miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir sveitarfélagið og fagmennska í skólastarfinu hefur aukist. Í úttektinni kemur þó fram að ákveðinn veikleiki felist í því að ekki sé búið að sameina húsnæði skólans undir eitt þak.

8. Mat á stjórnun, námsskipulagi, námsmarkmiðum og námsmati

Grunnskóli Húnaþings vestra hefur mótað sér stefnu, skilgreint stjórnskipulag, stefnukort og skorkort og unnið er að endurskoðun skólanámskrár. Frá árinu 2007 hefur starfsemi skólans og stjórnun verið metin reglulega í könnunum meðal foreldra og hafa um 100 foreldrar svarað þeim könnunum. Starfsmannakönnun var síðast gerð árið 2008 en reglulega hafa verið gerðar kannanir í tengslum við Olweusaráætlun gegn einelti og í 9.-10. bekk hafa kannanir um forvarnir verið gerðar frá árinu 2006. Mat á stjórnun, námsskipulagi, námsmarkmiðum og námsmati byggir á þessum könnunum ásamt huglægu mati þeirra sem rætt var við í úttektinni og öðrum gögnum sem úttektaraðilar höfðu aðgang að. Starfsáætlun skólans er mjög ítarleg og að mati úttektaraðila er þar að finna vandaðar upplýsingar fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn.

Stjórnun skólans var metin í starfsmannakönnun í maí 2008. Þar kom fram að allir starfsmenn voru mjög (64,29%) eða frekar ánægðir (35,71%) með stjórnunina. Ekki hefur farið fram starfsmannakönnun eftir að núverandi skólastjóri tók við. Kennarar sem rætt var við sögðu stjórnunina ganga prýðilega og að þeir væru afar sáttir við stefnu skólans. Skólastjóri væri mjög vaxandi stjórnandi þrátt fyrir litla stjórnunarreynslu. Hann brygðist vel við ábendingum og tæki á málum eins vel og hann gæti. Aðstoðarskólastjóri stæði sig afbragðs vel og samvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra væri mjög góð. Það hefði þó bæði kosti og galla að þau væru hvort á sínum stað.⁴⁸

Að mati skólastjórnenda eru bæði kostir og gallar við stjórnskipulag skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á daglegri stjórnun á Laugarbakka og aðstoðarskólastjóri á Hvammstanga. Þau segja kostina við þetta fyrirkomulag þá, að starfsmenn geti leitað til stjórnenda á hvorum stað fyrir sig en aftur á móti geti stjórnun skólanna verði nokkuð skipt. Skólastjóri sé til dæmis ekki mikið inni í daglegu starfi á Hvammstanga. Að mati kennara er skólastjóri lítt sýnilegur á Hvammstanga.⁴⁹

Starfsmenn, sem rætt var, við sögðu skort vera á upplýsingaflæði. Að mati þeirra þarf að veita skólaliðum betri þjálfun í uppeldisfræði, framkomu við börnin og í samskiptum.⁵⁰ Almennt sé skortur á faglegri og samræmdri uppeldisstefnu til að vinna eftir á báðum stöðum.⁵¹

Dregið hefur úr ánægju með stjórn skólans meðal foreldra á síðustu tveimur árum en samtals eru nú 82,4 % mjög eða frekar ánægð með stjórnun skólans. Til samanburðar voru 94,17% mjög eða frekar ánægð með stjórnunina árið 2007. 75% foreldra eru í könnun árið

⁴⁸ Rýnihópar kennara 13.03.2010.

⁴⁹ Viðtal við skólastjórnendur og rýnihópar kennara 13.03.2010.

⁵⁰ Rýnihópar starfsmanna og kennara 13.03.2010.

2010 mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *Skólastjóri er áhugasamur um að bæta skólastarfið* en hlutfallið var 95,7% árið 2008.⁵² Sjá nánar í töflu 6.

Það sjónarmið kom fram hjá nokkrum foreldrum sem rætt var við í úttektinni að skólastarfið væri ekki nógu metnaðarfullt og að sumir kennarar kæmust upp með að fara ekki eftir stefnu og markmiðum skólans. Í rýnihópum foreldra og símtölum kom fram óánægja með að skólastjóri tæki ekki nægjanlega vel í athugasemdir foreldra, m.a. kvartanir vegna ákveðins kennara. Þá settu t.d. ekki allir kennarar námsmarkmið og námsáætlanir inn í Mentor. Kennarar sem rætt var við sögðust stöðugt vera að endurskoða skólastarfið. Vinna við skólanámskrá gengi vel og þar væri lögð áhersla á þrepa- og áfangamarkmið. Vilji væri til þess að rjúfa bekkjarmynstrið og láta stigin vinna meira saman þótt allir hópar hefðu samt sem áður umsjónarkennara.

Í foreldrakönnun 2010 kemur fram að rúm 98% foreldra eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að Grunnskóli Húnaþings vestra sé góður skóli og rúm 98% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri. Hefur það hlutfall hækkað úr rúmum 83% árið 2009. Fræðsluráð segist vilja sjá betri námsárangur, m.a. í samræmdum prófum.⁵³ Sjá nánar í töflu 7.

Í rýnihópum kom fram það viðhorf hjá foreldrum að bráðgerir nemendur fengju oft ekki nægilega krefjandi verkefni, hvorki heima né í skóla, og að skólinn hefði ekki alltaf tekið vel í umkvartanir þar að lútandi. Fræðsluráð segir skorta einstaklingsmiðað nám en eftir mál sem upp hafi komið vegna bráðgerðs nemanda hafi skólinn endurskoðað ferli og sé í dag betur í stakk búinn til að takast á við slík mál.

Í könnunum meðal foreldra sést að tæp 76% foreldra eru mjög og frekar sammála fullyrðingunni *Duglegir og afkastamiklir nemendur fá námsefni og hvatningu við sitt hæfi* og hefur það hlutfall hækkað umtalsvert frá árunum á undan. Sjá nánar í töflu 7.

Í 40. gr. laga um grunnskóla segir að foreldrar nemenda geti óskað eftir greiningu og að skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geti lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki foreldra. Sérfræðipjónusta sjái um að greining fari fram, skili tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og meti árangur.⁵⁴

Í könnunum kom fram frekar lágt hlutfall þeirra foreldra sem töldu þjónustu við nemendur með sérþarfir góða en þess ber að geta að hlutfall foreldra sem svöruðu „veit ekki“ þegar spurt var um þennan þátt var ávallt 34-37%. Hjá foreldrum barna með sérþarfir og í hópi kennara kom fram mikil gagnrýni á deildarstjóra stoðþjónustu en einnig kom fram að foreldri

⁵² Viðhorfskannanir Grunnskóla Húnaþings vestra 2007-2009.

⁵³ Fundur með fræðsluráði 14.04.2010.

⁵⁴ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 40.gr.

hefði mjög góða reynslu af samvinnu við deildarstjórnann vegna fatlaðs barns. Mál voru sögð mjög lengi í skoðun og lítið um aðgerðir. Foreldri, sem rætt var við, hafði fengið greiningu fyrir barn sitt sl. haust en beið enn eftir aðgerðum þegar úttekt var gerð. Kennarar í yngri deildum sögðu deildarstjórnann ekki nýtast sem skyldi á yngsta stigi. Þeir sögðu að verið væri að endurskoða stoðþjónustuna og að þeir þyrftu að sýna meira frumkvæði sjálfir. Þá væri mikill kostur fyrir skólann að deildarstjóri hefði réttindi á mörg þeirra greiningarprófa sem skólinn nýtir. Kennarar í eldri deildum sögðust almennt ánægðir með stoðþjónustuna.⁵⁵

Í rýnihópum kennara kom fram að skólinn skilgreinir nú einstaklingsmiðað nám betur, m.a í endurskoðun skólanámskrár. Markmið og viðmið hafa verið unnin í íslensku 1. - 4. bekk og í stærðfræði og ætti það að auðvelda kennurum að miða námið betur að þörfum hvers og eins. Haustið 2008 hófust ítarleg foreldraviðtöl sem eiga að vera árleg. Deildarstjóri stoðþjónustu undirbýr viðtölin ásamt skólastjóra. Þar eru dregnir saman styrkleikar og veikleikar nemandans. Umsjónarkennarar draga saman aðalatriðin, deildarstjóri og skólastjóri hitta alla kennara og farið er yfir hvern og einn nemenda, markmið, greiningar og aðalatriðin úr foreldraviðtali.⁵⁶

Í könnunum hefur meirihluti foreldra, u.þ.b 70-80%, talið heimanám hæfilegt. Athygli vekur að árið 2008 taldi rúmlega fimmtungur þeirra heimanám of mikið en árið 2010 hefur fjölgað í hópi þeirra sem telja heimanám of lítið. Í þeim hópi eru 10% foreldra. Árið 2010 er hlutfall þeirra foreldra sem telja heimanám hæfilegt 82,41%.⁵⁷ Sjá nánar í töflu 7.

Hlutfall þeirra foreldra sem telja að skólinn taki af festu á einelti og agavandamálum er rúm 74%. Í niðurstöðum kannana meðal nemenda árin 2005-2009 á árangri Olweusaráætlunarinnar kemur fram að hlutfall nemenda sem svara að þeir verði fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar hefur á undanförunum árum verið á bilinu 3,1% - 8,5% og var hæst árið 2007, eða 8,5%. Athygli vekur að árið 2008 var hlutfallið 4,7% en hækkaði í 7,3% árið 2009. Í rýnihópi kennara kom fram skólinn hefði dálítið „sofið á verðinum“ í þessum efnum sl. tvö ár. Þá kom fram að á árum áður hefði verið mikið um þróunarverkefni og sérstaka áherslu á list- og verkgreinar en minna væri um það í dag.⁵⁸

Töflur 6 og 7 sýna viðhorf foreldra til stjórnunar og skólastjóra, hvort skólinn sé góður skóli, hvort skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri, hvort heimanám sé hæfilegt hjá börnunum, hvort duglegir nemendur fái námsefni og hvatningu við hæfi, hvort þjónusta við nemendur með sérþarfir sé góð, hvort skólinn taki af festu á agavandamálum og hvort

⁵⁵ Rýnihópar kennara 13.04.2010.

⁵⁶ Rýnihópur kennara 13.04.2010.

⁵⁷ Viðhorfskönnun foreldra árið 2010.

⁵⁸ Rýnihópur kennara 13.04.2010.

ánægja sé með upplýsingamiðlun frá skólanum. Hlutfallið sýnir þá sem voru mjög og frekar ánægðir.⁵⁹

Tafla 5. Hlutfall foreldra sem eru mjög/frekar ánægðir með ýmsa þætti í stjórnun skólans

Ár	Ánægja með stjórnun	Skólastjóri er áhugasamur um að bæta skólastarfið	Góður skóli	Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns	Ánægja með upplýsingamiðlun frá skólanum
2010	82,4 %	75,00%	98,15%	94,44%	87,04%
2009	80,09%	73,01%	90,55%	82,54%	81,75%
2008	93,68%	95,7%	97,87%	82,11%	93,68%
2007	94,17%	94,12%	100%	89,32%	90,29%

Tafla 6. Hlutfall foreldra sem eru mjög/frekar ánægðir með ýmsa þætti skólastarfsins sem lúta að nemendum.

Ár	Skólinn hvetur barnið til að skila góðum námsárangri	Hæfilegt heima-nám	Duglegir og afkastamiklir nemendur fá námsefni og hvatningu í samræmi við það	Þjónusta við nemendur með sérþarfir er góð*	Skólinn tekur af festu á einelti og agavandamálum
2010	98,12%	82,41%	75,93%	55,14%	74,07%
2009	83,56%	78,23%	58,27%	45,67%	66,15%
2008	86,21%	71,58%	56,9&9	53,69%	69,47%
2007	94,12 %	83,5%	61,16%	57,28%	81,37%

*Þess ber að geta að hlutfall foreldra sem svörðuð veit ekki var ávallt 34-37%

Mat höfunda

Stefna og markmið Grunnskóla Húnaþings eru vel skilgreind svo og stjórnskipulag skólans. Allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi sem telst mikill styrkleiki. Fræðslu- og skólaráð eru virk og hafa komið að ýmsum málum. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að flestir telja stjórnun skólans góða en að upplýsingamiðlun mætti vera betri. Höfundar telja miður að ekki hafi verið gerð starfsmannakönnun eftir að núverandi skólastjóri tók við og telja einnig mikilvægt að í starfsmannaviðtölum sé frammistaða metin.

Í könnunum meðal foreldra kemur fram að dregið hefur úr ánægju með stjórnun undanfarin tvö ár en hún er nú 82,4% og viðhorf foreldra til þess hvort skólastjóri sé áhugasamur um að bæta skólastarfið hefur lækkað um rúm 20% með nýjum skólastjóra eða í 75%. Þegar núverandi skólastjóri tók til starfa var gerð krafa um talsverðan niðurskurð og aftur árið eftir.

⁵⁹ Foreldrakannanir 2007-2010.

Leiða má líkur að því að slíkt hafi áhrif á ánægju með starfsemi skólans. Í skorkorti skólans er viðmið allra mælinga 90% og því þarf skólinn að skoða vel hvernig þeim markmiðum verður náð.

Verkaskipting stjórnenda hefur bæði kosta og galla en skólastjóri þarf að vera sýnilegri á Hvammstanga. Frelsi kennara til athafna er töluvert en eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla bera kennarar „faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að námarkmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.“⁶⁰

Skólanámskráin hefur verið í endurskoðun sl. þrjú ár en útfæra þarf betur sérstöðu skólans, tengja hana markmiðum aðalnámskrár og sníða að stefnu og markmiðum skólans. Samstarf árganga á yngra stigi virðist með ágætum en samskipti og samvinna á milli Hvammstanga og Laugarbakka er af skornum skammti og mætti m.a. bæta úr því með meiri samvinnu um endurskoðun námskrár og reglulegum starfsmannafundum.

Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og nám barna sinna eins og kemur fram í könnunum. Það er miður að niðurstöður kannana hafi ekki verið betur kynntar en á heimasíðu skólans er eingöngu að finna könnun frá árinu 2007. Þá þarf að bæta úr því hvernig skólinn tekur á aga- og eineltismálum en of lágt hlutfalla foreldra (74,07%) telur að skólinn taki af festu á þeim málum og hlutfall þeirra sem eru óánægðir með þetta hefur fjölgað úr rúmum 9% í tæp 13% frá 2009-2010. Þá er hlutfall nemenda sem segist hafa orðið fyrir einelti 7,3%. Vinna þarf betur eftir ferlum Olweusaráætlunarinnar og fylgja þeim málum eftir sem upp koma.

Ánægja foreldra með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins hefur aukist um 5% frá árinu 2007 og ánægja með þjónustu við nemendur með sérþarfir hefur lækkað örlítið frá sama ári, en hækkað um 10% milli 2009-2010. Rúmlega 10% þeirra eru eftir sem áður óánægðir með þjónustuna og sú staða ekki breyst á milli ára. Þessi óánægja kom m.a. fram í símtölum nokkurra foreldra til úttektaraðila og í rýnihópi foreldra. Þar kom fram það sjónarmið að skólastjóri tæki ekki á þeim málum að nægri festu. Óánægja með stoðþjónustu kom einnig fram í rýnihópi kennara á yngra stigi. Fræðsluráð hefur fengið kvartanir sem snúa að sérkennslu skólans og greip skólastjóri til aðgerða í kjölfarið. Á fundi úttektaraðila með ráðinu koma fram að helstu athugasemdir þeirra við skólann væru þær að eftirfylgni mála í sérfræðipjónustu væri ekki nægjanleg. Foreldrar séu ekki nógu vel upplýstir um greiningarferli og þurfi að berjast lengi fyrir sérúrræðum.⁶¹ Ekki verður séð að í öllum tilvikum sé farið eftir ferli um meðferð mála í stoðþjónustu eins og því er lýst í starfsáætlun og lausn

⁶⁰ Aðalnámskrá grunnskóla 2006.

⁶¹ Fundur með fræðsluráði 14.04.2010.

mála hefur dregist⁶² í öðrum tilvikum hafa foreldrar ekki verið sammála greiningu og því hafa mál tafist.⁶³

Deildarstjóri stoðþjónustu virðist hafa mjög mikið að gera og ekki ná að sinna verkefnum sem til hans koma. Úttektaraðilar telja að kraftar deildarstjóra, sem er vel menntaður á sínu sviði, væru betur nýttir alfarið í stoðþjónustu, þ.m.t. eftirfylgni mála og sérkennslu en nú sinna kennarar og sérkennarar kennslunni að mestu leyti með aðstoð stuðningsfulltrúa. Aðrir kennarar gætu þá sinnt kennslu í lífsleikni, en kennsluskylda deildarstjóra er nú 40% af starfshlutfalli hans.⁶⁴ Í starfslýsingunni hans kemur ekki fram að hann skuli sinna almenri kennslu.⁶⁵

Úttektaraðilar hvetja stjórnendur að taka betur á þessum málum því kvartanir hafa borist þar af lútanda, m.a. til fræðsluráðs. Það er því mikilvægt að gripið sé til aðgerða í sátt við alla aðila skólasamfélagsins og þær kynntar þeim.

Upplýsingar um árangur á samræmdum prófum hefur ekki verið nægjanlega nýttur til umbóta í skólastarfinu en höfundar telja samræmd próf einn af mörgum mælikvörðum skólans sem mætti huga betur að og nýta í starfinu enda vill fræðsluráð sjá betri árangur þar. Að öðru leyti virðist námsmat vera skv. viðmiðum laga og námskrár.

⁶² Síðmaviðtal foreldris 16.04.2010. Rýnihópur foreldra 13.04.2010.

⁶³ Viðtal við deildarstjóra stoðþjónustu 14.04.2010.

⁶⁴ Viðtal við deildarstjóra stoðþjónustu 14.04.2010.

⁶⁵ Starfslýsing deildarstjóra stoðþjónustu. Starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra 2009-2010.

9. Mat á því hvernig innra mat skólans hefur nýst til umbótastarfs

Grunnskóli Húnaþings vestra hefur metið skólastarfið síðan 2002. Haustið 2009 var niðurstaða úttektar ráðuneytisins sú að sjálfsmati Grunnskóla Húnaþings vestra væri ábótavant þar sem samanburður og skoðun á þeim gögnum sem aflað hafði verið hefði hvorki farið fram sl. þrjú ár né heldur hafi skólinn fylgt eftir úrbótum. Nú hefur skólinn brugðist við þessum athugasemdum með sjálfsmatsáætlun 2010-2013 sem hefur verið samþykkt í fræðsluráði.⁶⁶

Matsteymi hefur verið skipað og skólastjóri stýrir ferlinu ásamt teyminu, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu. Stuðst er við sjálfsmatsferlið *Skólamat* og unnið eftir skorkorti skólans og stefnu. Skólastjórnendur segja að ekki hafi verið lögð mikil áhersla á eftirfylgni kannana, árangurs úr samræmdum prófum, PISA, PIRSL o.fl. sl. ár.⁶⁷

Mat höfunda

Að mati úttektaraðila hefur innra mat skólans ekki nýst nógu vel til umbótastarfs. Skortur er á eftirfylgni kannana, upplýsingum um niðurstöður og skýrari aðgerðaráætlunum. Margar kannanir hafa verið gerðar en hvorki unnið markvisst úr niðurstöðum né þær kynntar á heimasíðu skólans eða fyrir starfsfólki og foreldrum. Eineltismálum hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir þrátt fyrir að kannanir hafi bent til þess að aðgerða væri þörf. Niðurstöður úr samræmdum prófum, PISA og PIRSL hafa ekki verið nýttar sem skyldi til umbótastarfs.

Höfundar fagna þeirri ákvörðun skólans að skipa matsteymi um sjálfsmat og hvetja teymið til að fylgja betur eftir öllum könnunum skv. viðmiðum skorkorts, leggja fram skýrar aðgerðaráætlanir og fylgja málum eftir í næstu sjálfsmatsáætlun. Einnig að kynna reglulega niðurstöður úr aðgerðum á heimasíðu og til foreldra.

⁶⁶ Fundargerð fræðsluráðs 20.04.2010. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins 27.04.2010.

<http://www.hunathing.is/LinkClick.aspx?fileticket=vbp1%2bfmcm9s%3d&tabid=3107&mid=4597>

⁶⁷ Viðtal við skólastjórnendur.

10. Mat á því hvernig eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi hefur nýst skólanum.

Skólanefnd hefur lögum samkvæmt það hlutverk að sjá um eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi og sinnir fræðsluráð Húnaþings þessu hlutverki í sveitarfélaginu.

Í erindisbréfi fræðsluráðs segir: *Fræðsluráð heyrir beint undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Ráðið fer með hlutverk skólanefndar skv. lögum um grunnskóla. Ráðið fer einnig með málefni leikskóla og tónlistarskóla í sveitarfélaginu auk annarra verkefna á sviði fræðslumála sem sveitarstjórn kann að fela því. Sveitarstjóri starfar með ráðinu“*

Á fundum fræðsluráðs eru málefni þessara skóla aðskilin þannig að leikskólastjóri situr fundi um málefni leikskóla en ekki grunnskóla og tónlistarskóla, sama gildir um skólastjóra grunnskóla og tónlistarskóla. Engin skólaskrifstofa er á vegum sveitarfélagsins.

Skólastjóri leggur starfsáætlun fyrir fræðsluráð sem samþykkir hana. Eftirlit sveitarfélags með skólastarfinu er þannig að haldnir eru reglulegir fundir fræðsluráðs með skólastjóra, farið er yfir áætlanir, skólanámskrá, kvartanir o.fl. Kennarar sitja fundi með fræðsluráði. Fundargerðir eru birtar á vef Húnaþings vestra (www.hunathing.is).

Að mati fræðsluráðs er gott upplýsingaflæði frá skólanum til ráðsins og fer það yfir kannanir skólans, áætlanagerð o.fl. Ráðið fagnar frumkvæði skólastjóra að úrbótum, svo sem bættri sjálfsmatsáætlun og hugmyndum varðandi framhaldsskóladeild. Sveitarfélagið var í samstarfi við Austur - Húnaþing í skólamálum til ársins 2001. Í dag er óformleg samvinna milli sveitarfélagana, m.a. í formi námskeiða og einstakra sérúræða. Fræðsluráð hefur rætt niðurstöður úr PISA, PIRSL og samræmdu prófunum en eftirfylgni hefur ekki verið mikil af hálfu sveitarfélagsins.⁶⁸

Einnig telur fræðsluráðið að ákveðin brotalöm sé á því hvernig tekið er á eineltismálum innan skólans. Í upphafi hafi Olweusaráætlunin verið vel kynnt en henni sé ekki fylgt eftir á fullnægjandi hátt með samræmdum viðbrögðum við einelti. Það sé einnig veikleiki skólans að skólaliðar fái ekki viðeigandi þjálfun í þessum málum.⁶⁹

Að mati skólastjórnenda, starfsmanna skólans og fræðsluráðs hefur samstarf skóla og sveitarfélags gengið vel.

Mat höfunda

Að mati úttektaraðila er fræðsluráð nokkuð virkt en það mætti auka vægi eftirlits með einstökum málum, s.s. sérkennslu, sjálfsmati og námsárangri. Samstarf skólastjórnar við

⁶⁸ Viðtal við fræðsluráð Grunnskóla Húnaþings vestra.

⁶⁹ Viðtal við fræðsluráð Grunnskóla Húnaþings vestra.

sveitarstjórn hefur verið með ágætum. Höfundar hvetja skólayfirvöld til að taka upp formlegt samstarf við Austur-Húnaþing um mat á skólastarfinu, kannanir o.fl. sem gæti nýst til að skoða stöðu skólans m.v. aðra skóla. Skólastjóri Grunnskóli Húnaþings vestra segist skólann hafa átt mikið og gott samstarf við skólaskrifstofu og sérkennara á undanförunum árum.

11. Helstu styrkleikar og veikleikar skólans, ógnanir og tækifæri

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Skýr stefna og starfsáætlun	Skortur á framkvæmd og eftirfylgni stoðþjónustu	Efnahagsástandið	Menntað starfsfólk
Allir kennarar með réttindi	Skortur á upplýsingaflæði varðandi úrræði stoðþjónustu	Fólksfækkun í sveitarfélaginu / fækkun nemenda	Frekari þróunarverkefni
Mikil endurmenntun kennara	Of lítil samskipti og samvinna milli Hvammstanga og Laugarbakka	Slæm fjárhagsstaða margra í sveitarfélaginu vegna kaupa á stofnbréfum í Sparisjóði	Að nýta umhverfið og náttúruna enn frekar
Vel skilgreint námsmat	Húsnaði skólans á tveimur stöðum, mikill akstur milli staða	Möguleg sameining stofnanna í sveitarfélaginu getur haft áhrif á atvinnustig	Ný skólanámskrá
Góður starfsandi	Óreglulegir fundir starfsmanna	Óvissa með framtíðar staðsetningu skólans	Framhaldsskóladeild
Börnin þekkjast öll í dag (eftir sameiningu)	Innra mat skólans ekki nýtt til úrbóta		Bæta námsárangur
Hollur heimilismatur	Ekki tekið nægjanlega vel á einelti		Nýtt sjálfsmatsteymi
Gott félagsstarf	Dregið hefur verið úr ánægju með stjórnun skólans hjá foreldrum		Enn meiri áhersla á einstaklingsmiðað nám
Vordagar, börn úr þéttbýli heimsækja sveitina og öfugt	Lélegt netsamband á nokkrum heimilum		Skilgreina uppeldisstefnu
Stuðningur sveitarfélagsins	Lítill þjálfun skólaliða í aga- og uppeldismálum		Aukið samstarf starfsfólks á Hvammstanga og Laugarbakka
Reglulegar kannanir meðal foreldra			Aukið upplýsingaflæði til foreldra
Jákvætt viðhorf foreldra og kennara til margra þátta í skólastarfinu			Bætt stoðþjónusta
Fjölbreytt námsmat			

12. Tillögur að aðgerðum

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Endurskoða stoðþjónustuna. Deildarstjóri sinni ekki almennri kennslu en nýti krafta sína og sérþekkingu betur við skólann, m.a með frekari sérkennslu, eftirfylgni mála og samstarfi við foreldra.
2. Fylgja betur eftir Olweusaráætlun með því að taka enn betur á eineltismálum. Markmiðið verði að lækka verulega það hlutfall sem verður fyrir einelti skv. könnunum. Skólinn setji sér skýr markmið þar um og skilgreini e.t.v. sérstaka uppeldisstefnu.
3. Þjálfa skólaliða betur í aga- og uppeldismálum.
4. Auka upplýsingaflæði, sérstaklega milli starfsmanna á Hvammstanga og Laugarbakka, og auka samstarf milli skólastiga.
5. Bæta upplýsingaflæði til foreldra með því að kynna niðurstöður kannana, m.a. á heimasíðu, til að koma í veg fyrir misskilning sem upp getur komið. Einnig verður að taka tillit til þess að netsamband getur verið stopp á sumum bæjum.
6. Nýta niðurstöður sjálfsmats betur til umbóta og fylgja betur eftir skorkorti starfsáætlunar. Taka upp formlegt samstarf við Austur-Húnaþing um mat á skólastarfinu, kannanir o.fl. sem gæfi skýrari mynd af stöðu skólans m.v. aðra skóla.
7. Fjölga þróunarverkefnum.
8. Auka eftirlit sveitarfélags með einstökum málum, s.s. sjálfsmati.
9. Setja fram aðgerðir til að ná fram því markmiði í skorkorti skólans að 90% foreldra, nemenda og starfsmanna telji að stjórnun skólans sé í samræmi við stefnu hans.

Niðurstöður

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á Grunnskóla Húnaþings vestra og niðurstöðum hennar. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á sameiningu fjögurra skóla, stjórnun, skipulag kennslu, námsmarkmið, kröfur og fyrirkomulag námsmats, innra mat skólans og eftirlit sveitarfélagsins. Aflað var upplýsinga með viðtölum, rýnihópum, heimsóknum og rýni gagna.

Úttektin leiðir í ljós að sameining fjögurra grunnskóla Húnaþings vestra hefur reynst vel en undirbúningur virðist ekki hafa verið fullnægjandi. Sameiningin gekk hratt fyrir sig og tók verulega á fyrsta árið. Sameiningin hefur haft mikla þýðingu fyrir börnin í sveitarfélaginu, hrepparígur hefur minnkað og foreldrasamstarf og samheldni innan sveitarfélagsins aukist. Einnig hefur sameiningin haft jákvæð áhrif á faglegt starf skólans. Skólinn auðveldaði kennurum að sækja endurmenntun, í dag eru allir kennarar skólans með kennsluréttindi og raunar er offramboð á kennurum í sveitarfélaginu.

Stefna og markmið Grunnskóla Húnaþings eru vel skilgreind svo og stjórnskipulag skólans. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeir eru almennt ánægðir með stjórnunina en dregið hefur verið úr ánægju foreldra með stjórnun skólans og skólastjóra. Foreldrar eru almennt ánægðir með nám barna sinna en skortur er á að þeir fái niðurstöður úr könnunum sem gerðar eru. Skólanámskráin hefur verið í endurskoðun sl. þrjú ár en útfæra þarf betur sérstöðu skólans, tengja hana markmiðum aðalnámskrár og sníða að stefnu og markmiðum skólans.

Almenn óánægja er með stoðþjónustu skólans. Vanhöld eru á að farið sé eftir ferli um meðferð mála í stoðþjónustu, lausn mála hefur dregist og ekki hefur verið unnið markvisst úr eineltismálum.

Innra starf skólans hefur ekki nýst sem skyldi til umbótastarfs. Skortur er á eftirfylgni kannana og skýrum aðgerðaráætlunum. Það stendur til bóta en skipuð hefur verið matsnefnd í skólanum og sjálfsmatsáætlun 2010 - 2013 liggur nú fyrir.

Samvinna sveitarfélags og skólans er góð en það sem helst skortir er meiri eftirfylgni sveitarfélagsins með sjálfsmati skólans.

Styrkleikar Grunnskóla Húnaþings vestra liggja m.a. í menntuðu starfsfólki og mikilli endurmenntun, góðum starfsanda og félagsstarfi, fjölbreyttu námsmati, reglulegum könnunum meðal foreldra og miklum stuðningi sveitarfélagsins. Helstu veikleikar Grunnskóla Húnaþings vestra eru framkvæmd, eftirfylgni og upplýsingaflæði stoðþjónustu, of lítil samvinna og samskipti milli kennara á Hvammstanga og Laugarbakka, mikill akstur á milli staða, skortur á eftirfylgni sjálfsmats og því að innra mat skólans sé nýtt til úrbóta. Einnig er það veikleiki að dregið hefur verið úr ánægju foreldra með stjórnun skólans.

Aðgerðir sem höfundar leggja til eru m.a. að nýta innra mat skólans betur til úrbóta, endurskoða stoðþjónustuna, fylgja betur eftir Olweusaráætlun í eineltismálum, t.d. með því að setja skólanum sérstaka uppeldisstefnu, þjálfa skólaliða betur, auka upplýsingaflæði milli starfsmanna og skólastiga, fjölga þróunarverkefnum, auka eftirlit sveitarstjórnar með einstökum málum og ráðast í aðgerðir til að ná fram því markmiði í skorkorti skólans að 90% foreldra, nemenda og starfsmanna telji að stjórnun skólans sé í samræmi við stefnu hans .

Heimildir

1. Elín R. Líndal, Erindi flutt á ráðstefnu, *Menntun í dreifbýli*, 28.apríl 2001.
2. Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra. *Breytingar á fyrirkomulagi skólahalds í Húnaþingi vestra – Áhrif á samfélagið*. Vinnustefna, Dalabyggð. 5.febrúar 2005.
3. Fyrstu niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum 2009 og upplýsingar skólans um stöðu hans.
4. Foreldrakannanir 2007-2010. Grunnskóli Húnaþings vestra.
5. Forvarnakannanir meðal nemenda 2006-2010. Grunnskóli Húnaþings vestra.
6. Fundargerð fræðsluráðs 20.04.2010. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins 27.04.2010.
7. Heimasíða Grunnskóla Húnaþings vestra.
8. Kynning á niðurstöðum Olweusáætlunar. Glærur deildarstjóra stoðþjónustu.
9. Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.
10. Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá grunnskóla*. Almennur hluti. 2006.
11. Pétur Vilhjálmsson. *Sameining sveitarfélaga í Vestur – Húnavatnssýslu*, verkefni í stjórn málafræði 2003, bls.24.
12. Viðhorfskönnun meðal foreldra 2007-2010.
13. Skólastefna Húnaþings vestra. Sótt af heimasíðu skólans 06.04.10.
14. Starfslýsing deildarstjóra stoðþjónustu.
15. Starfsáætlun Grunnskóla 2009-2010.
16. Starfsmannakönnun 2008. Grunnskóli Húnaþings vestra
17. Svar við ráðstöfun á styrk vegna langveikra barna og barna með ADHD greiningu. Sigurður Þór Ágústsson, 7.apríl 2010.

Viðauki 1

Skorkort Grunnskóla Húnaþings vestra.

	Markmið	Mæling	Viðmið	Aðgerðir
Þjónusta	Nemendum líði vel, þeir njóti sín og geti proskað hæfileika sína	Könnun meðal foreldra og nemenda	A. m. k. 90% foreldra og nemenda séu ánægðir með skólann	Endurskoðun skólanámskrár, eineltisáætlun fest í sessi, bekkjarfundir festir í sessi, morgunhressingar, styttri skóladagur.
	Skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi	Könnun meðal foreldra og nemenda	90% foreldra og nem. telji að þörfum nemenda sé mætt	Sveigjanleiki í stuðningskennslu, endurskoðun á vali í 9.-10. bekk, námskeiðabundið val.
	Gott samstarf milli heimila og skóla	Könnun meðal foreldra.	90% foreldra telji samstarf heimilis og skóla gott.	Viðtöl í byrjun skólaárs, aukinn fjöldi viðtalsdaga, skólaferlinámskeið, áhersla á rafræn samskipti
	Forráðamenn og nemendur eigi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi	Könnun meðal foreldra og nemenda	90% for. og nemenda telji sig eiga aðgang að ráðgjöf.	Samningar við sálfræðing og fræðsluskrifstofu, áhersla á að fræða foreldra um þjónustutilboð.
	Góður ytri aðbúnaður	Könnun meðal foreldra, nemenda og starfsfólks.	90% foreldra, nem. og starfsfólks sé ánægð með mötuneyti og telji aðbúnað góðan	Endurnýjun húsgagna í 7. bekk, endurbætur á tölvuverum, nettingingar tryggðar, rafrænar töflur í tölvuverum.
Fjármál	Góð og hagkvæm nýting fjármuna	Fjárhagsáætlun skólans	Samræmi skal vera milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu hennar	Aðhald í rekstri. Rámmi úthlutaðra kennslustunda haldist. rekstrarkostnaður sé skv. áætlun, tilboða leitað við inkaup.
	Skólinn fái nægilegt fjármagn til að ná settum markmiðum	Fjárhagsáætl., starfsáætl., könnun meðal for. og starfsmanna	Starfsáætlun liggja til grundvallar fjárhagsáætl. 90% starfsm. og for. telji yfirvöld sýna metnað	Gerð starfsáætlana, gerð áætlun um búnaðarþörf til framtíðar
Innra starf	Nemendur séu þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun	Starfsmannasamtöl, kennsluáætlanir, könnun meðal nemenda	90% nemenda telji sig hafa áhrif á nám sitt, kennsluáætlanir geri ráð fyrir því.	Tekin upp viðtöl í byrjun skólaárs og nemendaviðtöl yfir veturina, nemendur hvattir til að taka ábyrgð á námi sínu í auknum mæli
	Skólinn auki skilning og virðingu við reglur samfélagsins og heilbrigða lífssýn	Gögn skólans	Frávik varðandi skólasókn og verkefnaskil fari minnkandi	Gerð lífsleikni- og forvararáætlunar, gerð unhverfisáætlunar.
	Reglubundið og vandað mat á öllum sviðum skólastarfsins	Gögn skólans, sjálfsmatsáætlun.	Sjálfsmatsáætlun sé fylgt, mats- og þróunarskýrsla lögð fram árlega.	Gerð starfsáætlun og sjálfsmatsáætlun.
	Skólinn starfi í nánum tengslum við umhverfi sitt	Gögn skólans	Skv. matsáætlun	Verklagsreglur um samvinnu við Leikskóla og Tónlistarskóla. Samstarf við Selasetur, samstarf um valgreinabundin námskeið.
	Markviss stjórnun sem byggir á samþykktari stefnu	Könnun meðal foreldra, nemenda og starfsmanna	90% for., nem. og starfsm. þekki stefnu skólans og telji stjórnun í samræmi við hana.	Endurskoðun skólanámskrár,
	Starfsmenn, foreldrar og nemendur séu þátttakendur í ákvörðunum	Könnun meðal starfsmanna, gögn skólans	90% for. og nem. telji skólann taka tillit til sinna óska.	Ákveðnar starfsreglur fyrir nemendaráð.
	Upplýsingastreymi sé skilvirkt	Könnun meðal foreldra, gögn skólans	90% foreldra séu ánægð með uppl.míðlun.	Mánaðarleg fréttabréf, virk heimasíða, aukin notkun á mentor.is.
Starfsmenn	Starfsmannahald sé stöðugt	Gögn skólans.	Innan við 10% starfsmannavelta.	Unnið að gerð starfsmannastefnu í samvinnu við Húnaþing vestra
	Starfsfólk hafi menntun og starfsréttindi við hæfi	Gögn skólans.	Skv. endurmenntun	Unnið að endurmenntunaráætlunum.
	Starfsfólk eigi kost á góðum endurmenntunarmöguleikum	Könnun meðal starfsmanna	90% starfsmanna telji sig eiga kost á endurmenntun við hæfi	Skv. endurmenntunaráætlun, allir starfsmenn hefji markmiðssetningu varðandi sína endurmenntu sk. áætluninni
	Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður	Könnun meðal starfsmanna	90% starfsm. telja þekkingu sína og reynslu vel nýttá	2 starfsmannasamtöl á ári, starfsmannahandbók endurnýjuð og felld inn í starfsáætlun
Hvetjandi starfsumhverfi og starfsánægja	Könnun meðal starfsmanna	90% starfsmanna séu ánægðir í starfi	Starfsmannastefna unnin, starfsaðstaða bætt.	